

## 4. fundur umhverfisnefndar 9. desember 2024 kl. 8.30

Mættir: Aurora Rós, Védís Helga, Baltasar Aron, Magnús Orri, Haukur, Ari, Jasmín, Eyrún, Óli Frímann, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundargerð

- Matarvigtun var með þeim hætti í ár að vigtað var í tvær vikur. Fyrri vikuna vissum við ekki að væri verið að vigta en í seinni vikunni vissu nemendur að það væri verið að vigta. Í fyrri viku var hent 12.405 g en í seinni viku 9.600 g. Að launum fengu nemendur kakósúpu í eftirrétt.
- Farið yfir hvort nemendur hugsuðu um nægjusemi í nóvember.
- Jólin í skókassa gekk mjög vel en í ár söfnuðum við í 10 kassa.
- Samþykkt var að hafa varðeld í janúar. Setja á þegar veðurspáin er góð.
- Minnt er á að fara vel með föndurdót í desember og hugsa um að endurnýta og nýta skynsamlega það sem við tökum í föndur.
- Næsti fundur í janúar.

Fundi var slitið kl. 8.50.